

Félag löggiltra endurskoðenda

# ÁRSSKÝRSLA FLE

Starfsárið 2021-2022





## **Efnisyfirlit**

STJÓRN OG NEFNDIR 2021 - 2022 .....	2
STÖRF STJÓRNAR FLE STARFSÁRIÐ 2021 – 2022 .....	3
VIÐBURÐIR.....	5
MORGUNKORN .....	5
RÁÐSTEFNUR.....	6
NÁMSKEIÐ OG FRÆDSLUFUNDIR.....	7
SÉRSTAKIR VIÐBURÐIR / NÁMSKEIÐ .....	9
STÖRF FASTANEFNDA.....	9
AÐRAR NEFNDIR OG STARFSHÓPAR .....	11
NÁMSSTYRKJA- OG RANNSÓKNARSJÓÐUR FLE .....	11
ERLEND SAMSKIPTI .....	12
ENDURSKOÐENDARÁÐ .....	14
FÉLAGAR .....	15
LÖGGILDINGARPRÓF .....	17
ÁRSREIKNINGUR FLE .....	19
ÁRSREIKNINGUR NÁMSSTYRKJASJÓÐS.....	31



## Stjórn og nefndir 2021 - 2022

### **Félagstjórn**

Hólmgímur Bjarnason, formaður  
Hlynur Sigurðsson, varaformaður  
Eymundur Einarsson  
Ingunn H. Hauksdóttir  
Sighvatur Halldórsson

### **Endurskoðandi**

Davíð Arnar Einarsson, Grant Thornton

### **Fastanefndir**

#### **Álitsnefnd**

Hólmgímur Bjarnason, formaður  
Hlynur Sigurðsson  
Bryndís Björk Guðjónsdóttir  
Margrét Pétursdóttir  
Jón Sturla Jónsson  
Margret Flóvenz, varamaður

#### **Endurskoðunarnefnd**

Sara Henný H. Arnbjörnsdóttir, formaður  
Guðmundur Óli Magnússon  
Eyþór Guðjónsson  
Hrafnhildur Helgadóttir

#### **Gæðanefnd**

Ragnar Sigurmundsson, formaður  
Ísak Gunnarsson  
Berglind Klara Daníelsdóttir  
Rúnar Bjarnason

### **Stjórnskipaðar nefndir**

#### **Uppstillingarnefnd**

Hlynur Sigurðsson, formaður  
Sif Einarisdóttir  
Arnar Már Jóhannesson  
Ljósbrá Baldursdóttir  
Geir Steinþórsson

#### **Ritnefnd**

Ágústa Katrín Guðmundsdóttir  
Herbert Baldursson  
Kjartan Arnfinnsson  
Birta Mogensen

#### **Ungliðanefnd**

Fríða Rúnarsdóttir  
Anna Kristín Kristinsdóttir  
Hugrún Arna Vigfúsardóttir  
Þórunn Mjöll Jónsdóttir

### **Námsstyrkjasjóður, stjórn**

Hólmgímur Bjarnason, formaður  
Arna G. Tryggvadóttir  
Jón Sturla Jónsson  
Hlynur Sigurðsson, varamaður

### **Menntunarnefnd**

Arna G. Tryggvadóttir, formaður  
Gunnar Þór Tómasson  
Hildur Sigurðardóttir  
Mikael Símonarson

### **Reikningsskilanefnd**

Gunnar Snorri Þorvarðarson, formaður  
Helgi Einar Karlsson  
Andri Guðmundsson  
Þórunn Mjöll Jónsdóttir

### **Skattanefnd**

Heiðar Þór Karlsson, formaður  
Kjartan Arnfinnsson  
Anna Þóra Benediktsdóttir  
Steingrímur Sigfússon



## Störf stjórnar FLE starfsárið 2021 – 2022

Ný stjórn kom saman til fyrsta stjórnarfundar á nýju starfsári þann 24. nóvember 2021. Eymundur Sveinn Einarsson, Hólmgrímur Bjarnason og Sighvatur Halldórsson eru nýir í stjórninni en Arnar Már Jóhannesson, Bryndís Björk Guðjónsdóttir og Páll Steingrímsson véku úr stjórn og færum við þeim kærar þakkir fyrir gott framlag sitt til félagsins. Áfram í stjórn sitja þau Hlynur Sigurðsson og Ingunn Hafdís Hauksdóttir. Undirritaður er formaður, Hlynur varaformaður, Sighvatur gjaldkeri og Ingunn ritari.

Á vinnufundi stjórnar og fundi með formönnum fastanefnda félagsins var farið yfir möguleg áhersluatriði félagsins á árinu og ákveðið að vinna meðal annars að eftirtöldum atriðum:

- Hagsmunagæsla verður áfram aðalatriði í starfsemi félagsins.
- Áframhaldandi samtöl við fulltrúa ráðuneytisins og ársreikningaskrár til að reyna að leysa áralöng átök um tímasetningar á skilum á ársreikningum til ársreikningaskrár.
- Áfram verði lögð áhersla á endurmenntun, þar með talið að bjóða félagsmönnum upp á fjölbreytt námskeið og ráðstefnur.
- Halda áfram að þróa rafrænar lausnir við námskeiðahald og ráðstefnur, þar með talið til að finna lausnir til að geyma og nálgast rafrænt efni.

Að þessum málum hefur stjórnin meðal annars unnið með starfsmönnum félagsins og nýtt sér þá þekkingu og krafta sem fastanefndirnar búa yfir, félaginu til góða.

### Hagsmunagæsla

Hagsmunagæsla er einn mikilvægasti þátturinn í starfsemi félagsins þó eðli þeirrar vinnu sé kannski þannig að árangurinn vekur ekki mikla athygli þegar vel tekst til. Félagið á í reglubundnum og markvissum samtölum við marga aðila sem koma að málefnum endurskoðenda allan ársins hring.

Fulltrúar félagsins hafa verið í miklum samskiptum við ársreikningaskrá og ráðuneytið varðandi tímasetningar á skilum ársreikninga til ársreikningaskrá. Verkefninu var skipt í tvennt, það er annars vegar að finna skammtímalausn sem varðaði skil á árinu 2022 og hins vegar langtímalausn. Einnig var lögð áhersla á að fá niðurstöðu í skammtímahlutann, það er hvað varðar skil á þessu ári sem fyrst svo fyrirtækin og við endurskoðendur gætum skipulagt okkur. Það tókst en á vordögum lá niðurstaðan fyrir, þar með talið að heimilt yrði að skila ársreikningum út september.

Áfram er unnið að því að finna langtímalausn en það er nokkuð á brattann að sækja þar sem ársreikningaskrá og ráðuneytið vilja að skil á ársreikningum verði fyrir en verið hefur en félagið hefur lagt mikla áherslu á mikilvægi þess að við höfum september áfram sem skilamánuð. Niðurstaða þessarar vinnu liggur ekki fyrir nú þegar þessi orð eru rituð en líklegt má telja að hún muni felast í mismunandi skilafrestum sem færu eftir stærð fyrirtækja þar sem áherslan væri á að stærri félög skili fyrir heldur en minni félög.

Í þessu sambandi hafa líka komið upp umræður um mikilvægi þess fyrir endurskoðendastéttina að félögum verði auðveldað að fá að hafa annað reikningsár en almanaksárið ef það hentar þeim. Góð fordæmi eru fyrir þessu til dæmis í Danmörku og Svíþjóð en það myndi klárlega hjálpa mikið til við að jafna vinnuálag yfir árið hjá endurskoðendastéttinni. Góðu fréttirnar eru þær að fulltrúar ársreikningaskrár eru mjög jákvæðir gagnvart þessari breytingu en vondu fréttirnar eru þær að fulltrúar skattsins erum mjög neikvæðir og telja þetta mjög erfitt meðal annars þar sem tölvukerfin þeirra ráða ekki við þetta. Persónulega er ég á því að þetta sé mjög mikilvægt mál fyrir stéttina, ekki síst núna þegar tímarnir eru að breytast og unga fólk vill ekki vinna eins mikið og við þau sem eldri erum höfum gert. Ég mun því leggja áherslu á að áfram verði unnið í þessu máli þó að það muni geta tekið langan tíma að fá fram jákvæðar breytingar hvað þetta varðar.

Á árinu var staða ríkisendurskoðanda auglýst. Í tilefni af því sendi stjórn félagsins bréf til forsætisnefndar Alþingis þar sem lögð var áhersla á mikilvægi þess að ríkisendurskoðandi sé löggiltur endurskoðandi en það bar því miður ekki árangur. Fulltrúar félagsins áttu hins vegar ágætis fund með nýskipuðum ríkisendurskoðanda nú á haustdögum þar sem meðal annars var rætt um mögulega útvistun verkefna á sviði fjárhagsendurskoðunar.



Reikningsskilaráð gaf á árinu út leiðbeiningar varðandi upplýsingar í skýrslu stjórnar og framsetningu þeirra og voru fulltrúar félagsins í töluverðum samskiptum við ráðið vegna þess. Fulltrúar félagsins hafa einnig verið í samskiptum við ráðið um ýmis önnur mál, þar með talið hver möguleg næstu verkefni ráðsins gætu verið.

Fulltrúar frá félaginu hafa síðan verið og eru að vinna að hinum ýmsu málum fyrir hönd félagsins meðal annars í gegnum fastanefndirnar. Má þar til dæmis nefna væntanlegan alþjóðlegan staðal um endurskoðun einfaldra félaga, rafræn skil ársreikninga skráðra félaga, sjálfbæriskýrslur, ný lög um bókhald sem eru í vinnslu, uppfærsla á siðareglum fyrir stéttina og væntanleg innleiðing á nýjum alþjóðlegum gæðastöðlum svo eitthvað sé nefnt.

Þá fylgist félagið að venju með störfum Alþingis og kallar til fastanefndir og Álitsnefnd félagsins ef gera þarf athugasemdir við einstaka mál.

### **Endurmenntun og rafrænar lausnir**

Að venju hefur töluverð áhersla verið lögð á það hjá félaginu að sinna fræðslu og endurmenntun félagsmanna með því að bjóða upp á fjölbreytt úrval námskeiða og fræðsluerinda.

Covid 19 þrýsti félaginu og starfsmönnum þess út fyrir þægindahringinn þegar kom að viðburðum og hvernig hægt væri að bjóða félagsmönnum áfram upp á endurmenntun við hæfi. Því var stigið það skref á árunum 2020 og 2021 að bjóða upp á rafrænar lausnir, meðal annars með því að bjóða upp á streymi frá einstökum ráðstefnum og námskeiðum. Það kom á daginn að félagsmenn voru mjög ánægðir með þessa þróun og það er því ljóst að rafrænar viðburðir eru komnir til að vera.

Á árinu var unnið áfram að þróun rafrænna lausna og nú geta félagsmenn til dæmis farið inn á innri vef félagsins og keypt sér aðgang að upptökum af fjölda námskeiða og ráðstefna og hvet ég félagsmenn til að nýta sér það.

Varðandi form viðburða er ljóst að viðburðir sem byggjast á gagnvirku samtali eða á vinnustofuformi eins og Hausráðstefnan ganga síður eða ekki upp á rafrænu formi. Þá þarf líka að huga að félagslega þættinum í þessu, því ekki væri gott ef við hættem alveg að hittast og því mikilvægt að mínu viti að bjóða áfram upp á námskeið og ráðstefnur þar sem fólk kemur saman.

### **Námsstyrkja- og rannsóknarsjóður FLE**

Félagið auglýsti styrki til umsókna á vordögum og í október síðastliðnum var formlega gengið frá tveimur styrkjum samtals að fjárhæð um 2 milljónir króna.

### **Erlent samstarf**

Það er mikilvægt fyrir okkur að vera í félagskap um okkar störf og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi. Þannig tryggjum við meðal annars tímanlegan aðgang að upplýsingum sem varða framtíðarþróun, fylgjumst með þróun og atriðum líðandi stundar ásamt því að við höfum vettvang til að láta rödd okkar heyrast.

Samvinna við Norðurlöndin í gegnum samstarfsvettvang norrænna endurskoðenda NRF er félaginu sérstaklega mikilvæg í þessu sambandi, bæði til að fylgjast með því sem er að gerast og til að láta rödd okkar heyrast. Eftir nær eingöngu rafræna fundi vegna erlendra samskipta á tímum Covid 19 hafa fundir færst yfir í það að vera blanda af rafrænum fundum og venjulegum fundum og var aðalfundur NRF til dæmis haldinn á Íslandi í ár og gekk vel.

### **Starfsmannamál**

Eins og flest ykkar vonandi vita lét Hrafnhildur skrifstofustjórinn okkar af störfum að eigin ósk í sumar sem leið en við erum komin með nýjan skrifstofustjóra hjá félaginu sem tók við keflinu af Hrafnhildi. Hún heitir Sigríður Ákadóttir eða Sírý eins og hún er gjarnan kölluð og vil ég nota tækifærið og bjóða hana hjartanlega velkomna til starfa.



## Lokaorð

Traust er einn af grunnþáttum sterks samfélags. Okkar hlutverk er meðal annars að skapa traust í viðskiptalífinu með fagmennsku og samræmdum vinnubrögðum. Til þess þarf sterkt fagfélag sem setur skilaboð sín fram á faglegan hátt og nær hlustum opinberra aðila og samfélagsins. Saman getum við áorkað miklu og náð framförum stéttinni til hagsbóta.

Fyrir hönd stjórnar vil ég nota tækifærið og þakka starfsmönnum félagsins fyrir afar gott samstarf. Einnig vil ég þakka öllum félagsmönnum kærlega fyrir framlag þeirra til starfsins á starfsárinu og sérstakar þakkir fá nefndarmenn í hinum ýmsu nefndum félagsins fyrir þeirra góða starf. Þá vil ég einnig þakka meðstjórnarmönnum mínum kærlega fyrir afar gott og ánægjulegt samstarf.

Hólmgrímur Bjarnason, formaður FLE

## Viðburðir

Á þessu starfsári hafði COVID-19 ennþá áhrif bæði á framboð, form og þátttöku félagsmanna. FLE hefur því þurft að bregðast við stöðunni eins og mögulegt hefur verið og er sérstaklega áhugavert að sjá hversu margir völdu að nýta sér streymi í rauntíma frekar en mætingu. Hefur þar líka spilað inn í sóttkví, einangrun og veikindi vegna COVID-19.

## Morgunkorn

Morgunkornin eru hugsuð sem fræðileg innlögð fyrirlesara sem er fylgt eftir með verkefni eða raundæmi til að auka virkni þátttakenda. Morgunkornin eru almennt haldin á Grand hóteli, hefjast með morgunmat kl. 8:00 og standa til kl. 10:00. Þar af leiðir að kornin gefa 2 endurmenntunar-einingar fyrir þátttöku. Morgunkornin á starfsárinu urðu 3 talsins eða einu færri en gengið var út frá í dagskránni. Samtals sóttu þau 79 manns sem er töluverð fækkun frá fyrra ári.

### Morgunkorn – ESEF formið – staðfesting endurskoðanda

Fjallað var um hvað ESEF (European Single Electronic Format) formið felur í sér, hverjir mega fylla það út og með hvaða hætti endurskoðandi skuli staðfesta það með áritun sinni. Leiðbeinendur voru endurskoðendurnir Sara Arnbjörnsdóttir frá PwC og Guðmundur Óli Magnússon frá EY. Morgunkornið var um tveggja klukkustunda langt og gaf tvær einingar í floknum endurskoðun. Þátttakendur voru 28 talsins.

### Morgunkorn - Upplýsingar í skýrslu stjórnar

Farið var yfir leiðbeiningar Reikningsskilaráðs um upplýsingar í skýrslu stjórnar og framsetningu þeirra. Ársreikningur skal hafa að geyma skýrslu stjórnar en í henni skal m.a. upplýsa um aðalstarfsemi og atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu félags og afkomu þess á reikningsárinu. Leiðbeinandi var Signý Magnúsdóttir, endurskoðandi hjá Deloitte og fulltrúi í Reikningsskilaráði. Morgunkornið var um tveggja klukkustunda langt og gaf tvær einingar í reikningsskilum og fjármálum. Þátttakendur voru 37 alls.

### Morgunkorn um löggildingarprófin

Farið var yfir framkvæmd, þátttöku og útkomu í síðustu prófum. Í framhaldinu var svo rætt um fyrirkomulag prófanna og hvernig það myndi mögulega þróast í náinni framtíð. Leiðbeinandi var Jón Arnar Baldurs, formaður prófnefndar. Morgunkornið var um tveggja klukkustunda langt og gaf tvær einingar í endurskoðun. Þátttakendur voru 14 í það heila.



## Ráðstefnur

Haldnar voru fjórar stórar ráðstefnur – eins og hefðin segir til um. Ráðstefnurnar voru þó langt frá því að vera með venjubundnu formi vegna áhrifa frá COVID-19 og samkomutakmarkana því tengdu. Samtals fylgdust 460 með útsendingum, 208 tóku þátt á staðnum, í heildina 668 manns sem er fækkun frá síðasta ári.

### Reikningsskiladagur

Föstudaginn 17. september 2021 var haldin ráðstefna um reikningsskil. Ráðstefnan var haldin í Háteig á Grand hóteli Reykjavík og var þátttaka á staðnum takmörkuð við 70 manns í sæti vegna Covid-19 (1 metra reglan) en var jafnframt streymt í rauntíma. Ráðstefnustjóri var Andri Elvar Guðmundsson, endurskoðandi. Gestir í sal voru 50 en þátttakendur í streymi voru 132, samtals 182. Ráðstefnan gaf 3 einingar í flokknum reikningsskil og fjármál. Formaður FLE, Bryndís Björk Guðjónsdóttir setti ráðstefnuna.

- **Jóhanna Áskels Jónsdóttir og Sigurjón Geirsson**, í Reikningsskilaráði  
Leiðbeiningar um framsetningu upplýsinga í skýrslu stjórnar.
- **Sigurvin Sigurjónsson**, verkefnastjóri hjá KPMG  
Aukin upplýsingaskylda útgefenda verðbréfa 20/2021.
- **Helgi Einar Karlsson**, endurskoðandi hjá Deloitte  
Af borði alþjóðlega reikningsskilaráðsins (IASB).
- **Ásgeir Jónsson**, Seðlabankastjóri  
Nýr Seðlabanki – sameining Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins.

### Haustráðstefna

Föstudaginn 5. nóvember 2021 var haldin haustráðstefna FLE á Nordica Hótel. Töluverð afföll urðu vegna Covid-19 en stjórnvöld hertu á samkomutakmörkunum tveimur dögum fyrir ráðstefnuna. Að venju lagði Menntunarnefnd FLE grunn að ráðstefnunni. Ráðstefnustjóri var Arna Guðrún Tryggvadóttir, endurskoðandi. Gestir voru 115 talsins. Ráðstefnan gaf samtals 5 einingar samkvæmt reglum um endurmenntun endurskoðenda. Eina í endurskoðun, eina í reikningsskilum og síðan þrjár til viðbótar sem fór eftir vali á vinnustofum. Formaður félagsins Bryndís Björk Guðjónsdóttir setti ráðstefnuna og gengið var til eftirfarandi dagskrár:

- **Efnahags- og atvinnumál frá sjónarhorni SA.**  
*Ásdís Kristjánsdóttir hljóp í skarðið fyrir Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóra Samtaka Atvinnulífsins.*

Fjórar vinnustofur voru í boði og valdi hver og einn þrjár fyrir sig:

- **Vinnustofa 1: Gigg hagkerfið – breytingar á vinnumarkaði**  
*Davíð Rafn Kristjánsson hjá Swappagency.com fór yfir almennar breytingar á vinnuumhverfi í kjölfar Covid-19, svo sem fjarvinnu, mikilvægi erlendra sérfræðinga og fleira sem endurskoðendur þurfa að aðlagja sig að. Einnig áskoranir og tækifæri sem felast í öfluglu „Gig Economy“ á Íslandi. Farið var yfir „svarta hagkerfið“ og hvernig hægt var að hjálpa einstaklingum og búa til hvetjandi kerfi til að vera réttum megin við lögin.  
*Þessi vinnustofa gaf eina einingu í flokknum siðareglur og faglegt gildi.**
- **Vinnustofa 2: Afskrift viðskiptavildar**  
*Gunnar Snorri Þorvarðarson, sérfræðingur hjá Marel fjallaði um hvernig afskrifa eigi viðskiptavild, tímabil, virðisrýrnunarpróf og fleira.  
*Hér var gefin ein eining í flokknum reikningsskil og fjármál.**
- **Vinnustofa 3: Skjölun ISA 230**  
*Guðmundur Óli Magnússon, endurskoðandi hjá EY fjallaði um staðalinn ISA 230 sem er ætlað að vera leiðbeinandi varðandi skjölun vinnugagna svo skipulag og framkvæmd verði með bestum hætti og hægt sé að fylgja vinnu endurskoðandans í gegnum endurskoðunarvinnuna.  
*Þeir sem völdu þessa vinnustofu fengu eina einingu í flokknum endurskoðun.**
- **Vinnustofa 4: Að vaxa í starfi**  
*Helgi Héðinsson, forstöðumaður Opna háskólans í HR, fór yfir það hvernig endurskoðendur geta aukið þekkingu og færni til að yfirstíga hindranir, bæði sálrænar og aðrar og þannig vaxið í starfi sem einstaklingur.  
*Ein eining í flokknum siðareglur og faglegt gildi.**





### Skattadagur

Árleg ráðstefna um skattamál var eingöngu streymt í rauntíma, föstudaginn 28. janúar 2022 í Háteig, Grand hóteli Reykjavík. Skattanefnd sá um undirbúning dagskrár. Ráðstefnustjóri var Kjartan Arnfinnsson, endurskoðandi. Ráðstefnan gaf 3,5 einingar í skatta- og félagarétti. Ráðstefnan var opin og þátttakendur urðu 214 talsins. Formaður FLE, Hólmgrímur Bjarnason setti ráðstefnuna en síðan var gengið til eftirfarandi dagskrár.

- **Af borði Skattsins**  
*Bryndís Kristjánsdóttir, skattrannsóknarstjóri, fjallaði um þær breytingar sem gerðar hafa verið varðandi skipulag á skattrannsóknnum og eftirliti.*
- **Skattaspor – framlag til samfélagsins**  
*Kristrún Ingólfsdóttir, meðeigandi KPMG og löggiltur endurskoðandi, fór yfir hlutverk skatta og gjalda dregið fram með skattaspori.*
- **Nýlegir úrskurðir og dómar**  
*Vala Valtýsdóttir, lögmaður Lögfræðistofu Reykjavíkur, fór yfir áhugaverða úrskurði og dóma.*
- **Breytingar á ýmsum lögum um skatta og gjöld**  
*Jón Ingi Ingibergsson, sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs PwC, fór yfir helstu skattalagabreytingar.*

### Endurskoðunardagur

Föstudaginn 20. maí var haldin ráðstefna um endurskoðun, á Grand hóteli í Reykjavík og lagði Endurskoðunarnefnd félagsins drög að efninu. Ráðstefnan var haldin í Háteig og var einnig streymt í rauntíma. Þátttakendur voru 157, af þeim voru 43 í sal en 114 í streymi. Ráðstefnan gaf samtals 3 einingar í flokknum endurskoðun samkvæmt reglum um endurmenntun. Ráðstefnustjóri var Elín Pálmadóttir. Formaður FLE, Hólmgrímur Bjarnason setti ráðstefnuna en síðan var gengið til eftirfarandi dagskrár.

- **EU audit reform – LCE standard – NRF main focus areas**  
*Helene Agéllí framkvæmdastjóri NRF fjallaði um fyrirhugaðar breytingar á EU endurskoðunartilskipuninni, LCE staðalinn fyrir endurskoðun minni fyrirtækja sem og önnur helstu áhersluatriði NRF.*
- **Niðurstöður gæðaeftirlits 2021 – helstu athugasemdir og áherslur**  
*Jón Arnar Baldurs, fulltrúi frá Endurskoðendaráði*
- **Sjálfbærnisráðgjafi og óháðar staðfestingar**  
*Margrét Pétursdóttir, endurskoðandi hjá EY og stjórnarmaður í IFAC, fjallaði um m.a. fyrirhugaða lagasetningu EU um sjálfbærniupplýsingagjöf fyrirtækja og óháðar staðfestingar.*

## Námskeið og fræðslufundir

Haldin voru 6 námskeið á starfsárinu sem samtals gáfu 18 einingar sem skiptust þannig endurskoðun = 5,5 reikningsskil og fjármál = 11,5, skatta- og félagaréttur = 1. Námskeiðin voru ýmist staðbundin, rafræn, eða hvoru tveggja. Á síðasta starfsári sóttu 386 manns samtals 4 námskeið en 495 sóttu námskeiðin sex á þessu starfsári.

### Yfirferð löggildingarprófa frá 2020

Á fyrsta námskeiði starfsársins 7. september, var verkefnið að fara yfir löggildingarprófin 2020 sem gert var í samstarfi við prófnefnd um löggildingarpróf. Fjallað var um prófið samkvæmt reglugerð og úrlausn þess. Námskeiðið var fyrir alla en þó sérstaklega höfðaði það til nema í endurskoðun sem hyggjast þreyta prófið að hausti. Endurskoðendur voru að sama skapi velkomnir. Þátttakendur voru 45 talsins, en námskeiðið var haldið á Grand hóteli. Prófgerðarmenn fóru yfir og skýrðu lausnir. Með vísan til reglugerðar um endurmenntun endurskoðenda gefur námskeiðið 5 endurmenntunareiningar sem skiptast þannig: skatta- og félagaréttur 1 eining, endurskoðun 2,5 einingar, reikningsskil 1,5 einingar.



### Nýir gátlistar í gæðaeftirliti

Námskeiðið var haldið á Grand hóteli, fimmtudaginn 16. september. Leiðbeinandi var Margret G. Flóvenz, endurskoðandi. Námskeiðið gaf 3 endurmenntunareiningar í flokknum endurskoðun. Þátttakendur voru alls 49.

#### Námskeiðslýsing:

Endurskoðendaráð hefur uppfært og breytt gátlistum sem notaðir eru við gæðaeftirlit og fór Margret yfir þá og fjallaði um þær reglur og staðla sem þeir grundvallast á. Gátlistarnir eru samtals fjórir en ekki var farið yfir gátlista 4 á þessu námskeiði.

- Gátlisti 1 Innra skipulag og gæðakerfi
- Gátlisti 2 Einstök verkefni
- Gátlisti 3 Endurmenntun

### Fjártækni frá ýmsum sjónarhornun

Námskeið – 4. nóvember, daginn fyrir Haustráðstefnu. Leiðbeinandi var Gunnlaugur Jónsson, framkvæmdastjóri Fjártækniklasans. Fjallað var um fjártækni frá víðu sjónarhorni. Streymi var ekki í boði á þessu námskeiði en þeir sem mættu á Grand Hótel voru samtals 46. Námskeiðið gaf 3 einingar í flokknum reikningsskil og fjármál.

#### Námskeiðslýsing:

Fjallað var um fjártækni frá víðu sjónarhorni, hvað er fjártækni, hver er staðan á regluverki með tilliti til þróunar í ESB og á Íslandi. Hér fellur m.a. hóp fjármögnun, netöryggi og bálkakeðjur (e=blockchain).

### Ársreikningar, skil og áhersla í eftirliti

Síðasta námskeið almanak ársins var haldið þann 6. desember. Leiðbeinandi var Halldór I. Pálsson, sérfræðingur Ársreikningaskrá. Fjallað var um áhersluatriði í eftirliti ársreikninga, skil og framtíðarsýn. Í heildina voru 123 skráðir en langstærsti hlutinn nýtti sér streymi, samtals 113 manns en 10 mættu á staðinn. Námskeiðið gaf 2 endurmenntunareiningar í flokknum reikningsskil og fjármál.

- Framtíðarsýn og skoðun hvað varðar ársreikningaskil. Hvað er hægt að gera í ljósi þess að skilafresturinn 31.8 er stéttinni afar erfiður.
- Áhersluatriði í eftirliti ársreikningaskrár vegna reikningsársins 2020 og helstu niðurstöður liðins árs.
- Helstu áhersluatriði í væntanlegu eftirliti vegna reikningsársins 2021.
- Ársreikningaskil 2021 – hvernig stóðum við okkur

### Námskeið – Gæði og gagnsemi upplýsinga í ársreikningum

Eins og venja er, þá var haldið tveggja tíma námskeið, 27. janúar, daginn fyrir Skattadag félagsins. Árni Claessen, endurskoðandi, fjallaði um doktorsverkefni sitt sem hann hefur unnið að við HR. Verkefnið skiptist upp í þrjár fræðigreinar:

- Viðtalsrannsókn við íslenska greiningaraðila þar sem farið var yfir gagnsemi skýringa um gangvirði hjá skráðum íslenskum fasteignafélögum. Sérstök áhersla var lögð á skýringarkröfur IFRS 13 um gangvirði og hvernig þær nýtast greiningaraðilum við þeirra vinnu.
- Rannsókn á því hvort gangvirðisbreytingar hjá fasteignafélögum hafi áhrif á markaðsverð þeirra. Gerð var greining á því hvort tengsl væru á milli hlutabréfaverðs og gangvirðisbreytinga hjá skráðum evrópskum fasteignafélögum á árunum 2008-2019.
- Rannsókn á gæðum íslenskra ársreikninga. Skoðað var hversu vel íslenskir ársreikningar fylgja skýringarkröfum íslensku ársreikningalaganna og hvaða þættir hafa áhrif á skýringarkröfurnar s.s. stærð, endurskoðun, fjárhagsstaða o.s.frv.

Námskeiðinu var streymt í rauntíma frá Grand hóteli og sóttu það 105 manns. Námskeiðið veitti 2 endurmenntunareiningar í flokknum reikningsskil og fjármál.



### Hlutdeildaraðferð og binding yfirverðs

Námskeiðið var haldið 19. maí. Leiðbeinendur voru þeir Andri Elvar Guðmundsson, endurskoðandi hjá Ernst&Young á Íslandi og Helgi Einar Karlsson, endurskoðandi hjá Deloitte á Íslandi. Andri fór yfir hlutdeildaraðferð, kaupaðferð og heimfæringar á yfirverði ásamt því hvernig halda þarf utan um bindingu vegna hlutdeildatekna. Helgi Einar skoðaði muninn á hlutdeildaraðferð samkvæmt íslenskum ársreikningalögum og alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Samtals tóku 127 þátt, 16 mættu á Grand Hótel en 111 voru í streymi. Námskeiðið gaf 3 einingar í flokknum reikningsskil og fjármál.

## Sérstakir viðburðir / námskeið

**Hádegisfundir** – féllu niður á starfsárinu vegna samkomutakmarkana.

### Gleðistund

Að loknum Reikningsskiladegi var haldið í Hvamm á Grand Hótelum þar sem gleðistundin fór fram. Boðið var upp á léttar veitingar og skemmti Sóli Hólm ásamt því að Ungliðanefnd FLE var með eitt og annað í pokahorninu.

### Spjallstofur

Í ljósi aðstæðna þá var haldin rafræn spjallstofa 29. september fyrir nema. Fulltrúar frá fagnefndum sátu spjallstofuna með nemum, tóku þátt í umræðum og svöruðu spurningum. Alls nýttu átta namar sér spjallstofurnar að þessu sinni.

### Að taka löggildingarpróf

Þann 25. maí 2022 var svo námskeið sem ætlað var nemum, um undirbúning og próftöku löggildingarprófa. Farið var yfir hagnýt atriði er varða undirbúning fyrir löggildingarpróf og hvernig best er að haga vinnubrögðum í prófunum sjálfum. Leiðbeinandi var Elín Pálmadóttir endurskoðandi. Þrettán namar mættu á námskeiðið sem haldið var í aðstöðu FLE.

## Störf fastanefnda

Innan félagsins eru starfandi sex fastanefndir. Nefndirnar eru; álitsnefnd, endurskoðunarnefnd, gæðanefnd, menntunarnefnd, reikningsskilanefnd og skattanefnd.

### Álitsnefnd

Hér má sjá þau álitsmál sem borist hafa félaginu á starfsárinu 2021-2022 oftast frá Nefndasviði Alþingis en stundum fleirum eins og samráðsgátt stjórnvalda. Engar umsagnir voru veittar á starfsárinu.

Umsögn	Málsnúmer	Málefni
	05-2021	Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga, 3. mál
	01-2022	Frumvarp til laga um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð, 74. mál
	02-2022	Frumvarp til laga um hlutafélög, 585. mál

### Endurskoðunarnefnd

Starfsárið var afar lífligt hjá endurskoðunarnefnd FLE og hittist nefndin hvorki meira né minna en 16 sinnum yfir tímabilið. Megin þungi starfsársins fór í málefni tengt ESEF rafræna skýrslusniðinu sem hefur verið áberandi í umræðunni, sérstaklega sem snýr að aðkomu endurskoðenda á því formi. Nefndin hélt morgunkorn í október 2021 um ESEF skýrslusniðið þar sem farið var yfir innleiðingu reglugerðarinnar, samtöl og fundi nefndarinnar með eftirlitsaðilum og hinu opinbera og afstöðu nefndarinnar á ábyrgð



endurskoðanda tengt forminu. Fram komu áhugaverðar pælingar félagsmanna og sköpuðust líflegar umræður.

Endurskoðunarnefnd FLE kom með innlegg í Haustráðstefnu FLE sem haldin var í byrjun nóvember mánaðar og hélt Guðmundur Óli Magnússon erindi um skjölun samkvæmt ISA 230 til að tryggja að skipulag og framkvæmd endurskoðunar sé með bestum hætti og hægt sé að fylgja vinnu endurskoðandans í gegnum vinnuna.

Líkt og undanfarin ár stóð nefndin einnig að undirbúningi og framkvæmd Endurskoðunardags FLE í góðri samvinnu við framkvæmdastjóra félagsins, sem haldinn var í maí 2022. Á dagskrá voru áhugaverðir fyrirlestrar þar sem m.a. Helene Agéllí framkvæmdastjóri NRF fjallaði um fyrirhugaðar breytingar á EU endurskoðunartilskipuninni og LCE endurskoðunarstaðal minni fyrirtækja. Fulltrúi frá Endurskoðendaráði kom og fór yfir helstu athugasemdir og áherslur úr niðurstöðum gæðaeftirlits 2021 og Margrét Pétursdóttir fjallaði um fyrirhugaða lagasetningu EU um sjálfbærni upplýsingagjöf fyrirtækja og óháðar staðfestingar.

Nefndin hefur auk þess fylgst með fréttum frá Accountancy Europe sem m.a. snúa að annarri þjónustu endurskoðenda og hinum svokallaða „black-list“ eða lista yfir óheimila þjónustu, útskiptitíma endurskoðenda (e. mandatory auditors' rotation) og skilgreiningu á einingum tengdum almannahagsmunum (e. Public interest entity / PIE), svo fátt sé nefnt. Það er auðséð að nefndin mun ekki sitja auðum höndum á komandi starfsári enda málefnið mörg og áhugaverð.

#### **Gæðanefnd**

Vegna breytinga á lögum og yfirfærslu gæðaeftirlits til Endurskoðendaráðs, hafa engin mál ratað inn á borð nefndarinnar. Nefndin hefur því eingöngu starfað að nafninu til þetta starfsár.

#### **Menntunarnefnd**

Helstu verkefni nefndarinnar voru að hafa yfirumsjón með framboði á námskeiðum og ráðstefnum á vegum FLE ásamt því að undirbúa árlega haustráðstefnu félagsins. Haustráðstefna félagsins var haldin föstudaginn 5. nóvember 2021 og tókst mjög vel. Almenn ánægja hefur verið með fyrirkomulag haustráðstefnu hjá félagsmönnum og telur nefndin rétt að halda áfram með sama fyrirkomulag og á fyrri árum.

Þann 6. apríl átti Menntunarnefnd fund með Einari Guðbjartssyni og Gylfa Magnússyni frá Háskóla Íslandi þar sem þeir kynntu breytingar á MAcc námi í reikningsskilum og endurskoðun. Ein helsta breytingin er MS gráða í stað MAcc, þar sem skila þarf ritgerð til þess að hljóta MS gráðu.

Nefndin vill sérstaklega þakka starfsmönnum FLE þeim Hrafnhildi og Sigurði fyrir samstarfið á liðnu starfsári.

#### **Reikningsskilanefnd**

Störf reikningsskilanefndar voru viðburðarík þetta starfsárið.

Nefndin stóð fyrir reikningsskiladegi FLE sem var haldinn í september. Tekið var þátt í haustráðstefnu FLE í september þar sem einn nefndarmanna fór yfir afskrift viðskiptavildar. Nefndin stóð þá fyrir morgunkorni í maí þar sem umfjöllunarefnið var hlutdeildaraðferð og binding yfirverðs.

Samstarfið við Reikningsskilaráð var mikið þetta árið og átti nefndin fjóra formlega fundi með ráðinu. Vinnan var aðallega fólgin í yfirferð yfir leiðbeiningar um upplýsingar í skýrslu stjórnar svo og fundum þar sem var farið helstu verkefni Reikningsskilaráðs.

Reikningsskilanefnd fundaði jafnframt með álitsnefnd FLE vegna leiðbeininga um upplýsingar í skýrslu stjórnar.

Reikningsskilanefnd FLE fagnar auknu samstarfi með Reikningsskilaráði og vonar að sama áframhald verði á því í framtíðinni.



### Skattanefnd

Þann 30. september 2021 tóku Ágúst Kristinsson og Heiðar Þór Karlsson þátt í spjallstofu fyrir nema í FLE. Spjallstofunum er ætlað að vera vettvangur fyrir nema til að varpa fram ýmsum spurningum og vangaveltum til fulltrúa viðkomandi nefndar. Síðar um haustið eða þann 22. nóvember 2021 var fyrsti fundur nýrrar Skattanefndar þar sem Heiðar Þór Karlsson tók við formennsku af Ágústi Kristinssyni. Aðrir nefndarmenn eru, Kjartan Arnfinnsson, Anna Þóra Benediktsdóttir og Steingrímur Sigfússon sem kom nýr í nefndina.

Helsta verkefni nefndarinnar var að skipuleggja og hafa umsjón með Skattadegi FLE, sem var haldinn þann 28. janúar 2022 að Grand Hótel Reykjavík. Skattadeginum var bæði streymt í rauntíma og gestir voru í sal sem þó fór eftir fjöldatakmörkunum.

Hólmgrímur Bjarnason, formaður FLE, setti ráðstefnuna. Næst steig í pontu Bryndís Kristjánsdóttir, skattrannsóknarstjóri, sem fjallaði um þær breytingar sem gerðar hafa verið á skipulagi og skattrannsóknnum. Krístrún Ingólfssdóttir, endurskoðandi og meðeigandi hjá KPMG hélt næst erindi um hlutverk skatta og gjalda dregið fram með skattaspori. Vala Valtýsdóttir, lögmaður, fór yfir áhugaverða úrskurði og dóma. Að lokum fór Jón Ingi Ingibergsson, sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs PwC yfir helstu skattalagabreytingar.

Formaður skattanefndar tók svo þátt í vinnufundi með stjórn og nefndarmönnum FLE sem fór fram þann 24. febrúar 2022 þar sem farið var yfir starfið framundan og áherslur.

## Aðrar nefndir og starfshópar

### Uppstillingarnefnd

Verkefni nefndarinnar er að leggja fram tillögur til aðalfundar um félagsmenn til setu í stjórn og fastanefndum félagsins. Á aðalfundi félagsins 2021 var Uppstillingarnefnd sammála um tillögur og hlutu allir sem tilnefndir voru kosningu án mótframboðs.

### Ritnefnd

Ritnefnd hefur verið skipuð af stjórn félagsins en hlutverk hennar er efnisöflun og ritstjórn FLE blaðsins. Nefndin vann frá tímabilinu september til áramóta en blaðið kom út í seinni hluta janúar. Blaðið var með sama sniði og áður, þar sem fjallað er um efni sem tengist endurskoðun, reikningshaldi og skattamálum ásamt umfjöllun úr félagsstarfinu og frá félagsmönnum. Við efnisöflun var leitað til aðila innan og utan stéttarinnar auk þess sem félagsmenn voru hvattir til að senda inn greinar til birtingar í blaðinu.

### Ungliðanefnd

Hlutverk nefndarinnar er að koma að ýmsum málum með það að markmiði að efla þátttöku yngri endurskoðenda í faglegu og félagslegu tilliti. Að áliti stjórnar er það afar mikilvægt að auka aðkomu yngri félagsmanna, bæði til að efla þátttöku þeirra og eins til að vera til aðstoðar á kynningum á starfinu fyrir ungu fólki. Eitt helsta verkefni nefndarinnar er að skipuleggja gleðistund í september og er það mál manna að vel hafi tekist til.

## Námsstyrkja- og rannsóknarsjóður FLE

Sjóðurinn var stofnaður árið 2003, en fjárhagur félagsins þótti allgóður á þeim tíma. Lagði stjórn félagsins fram tillögu þess efnis að hluti fjármuna yrði varið í að treysta menntunargrundvöll endurskoðenda með því að veita styrki til framhaldsnáms í endurskoðun og reikningshaldi. Síðar var gert mögulegt að veita styrki til rannsókna á þessu sviði líka.

Markmið Námsstyrkja- og rannsóknarsjóðsins er að:

- Styrkja bóklega menntun endurskoðenda með því að veita ýmist styrki til einstaklinga sem stunda framhaldsnám í endurskoðun og reikningsskilum eða styrkja stofnanir sem standa fyrir slíku námi.



- Veita styrki til eflingar rannsókna á sviði reikningshalds og endurskoðunar í þeim tilgangi að efla faglega umræðu um efnið, viðhalda og auka faglega þekkingu endurskoðenda eða styrkja rannsóknir sem snerta beint hagsmuni FLE eða lögbundið hlutverk þess.

Engar umsóknir um styrki voru afgreiddar á starfsárinu.

## Erlend samskipti

### Norræna endurskoðendasambandið (NRF)

Norræna endurskoðendasambandið (NRF) var stofnað árið 1931 og telst það vera elstu samtök endurskoðenda í heiminum. FLE varð aðili að sambandinu á árinu 1939. Meginhlutverk NRF er að vera sameiginlegur vettvangur aðildarfélaganna til að vinna að faglegri framþróun á sviði endurskoðunar og einnig að gera yfirvöldum og öðrum í löndunum grein fyrir samfélagslegu mikilvægi endurskoðendastarfsins. Til að styrkja stöðu norrænna endurskoðenda þá hefur NRF leitast við að koma fram sem einn aðili fyrir hönd þeirra á alþjóðavettvangi svo sem hjá Evrópusambandi endurskoðenda (Accountancy Europe-ACE) og Alþjóðasambandi endurskoðenda (IFAC). Öllu jöfnu eru haldnir einn til tveir formannafundir á ári svo og ársfundur, sem formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri FLE sækja. Framkvæmdastjórar norrænu félaganna halda einnig reglulega fundi til að ræða málefni endurskoðenda sem og markverða atburði sem varða störf þeirra í hverju landi fyrir sig.

Ársfundur NRF er að venju haldinn árlega í ágúst og var að þessu sinni haldinn á Íslandi að Hótel Húsafelli. Samkvæmt samþykktum NRF eiga þrír fulltrúar frá hverju Norðurlandanna rétt á setu á fundinum, formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri. Að venju sátu margir góðir gestir ársfundinn. Þar ber helst að nefna Kevin Dancey framkvæmdastjóra IFAC, Margréti Pétursdóttir fulltrúa NRF í stjórn IFAC, Tom Seidenstein formann IAASB, Kai Morten Hagen fulltrúa NRF í IAASB, Tapani Vuopala fulltrúa NRF í IFAC SMPAG, Olivier Boutellis-Taft framkvæmdastjóra ACE og Nina Rafen fulltrúa NRF í stjórn ACE.

NRF er stjórnað af forseta þess kjörnum á aðalfundi til tveggja ára og er Aleksí Martamo formaður finnska endurskoðendasambandsins forseti NRF til ársins 2023. Framkvæmdastjóri NRF er Helene Agéllí og er hún með starfsaðstöðu hjá sænska endurskoðendasambandinu (FAR).

### Evrópusamband endurskoðenda (Accountancy Europe)

Evrópusamband endurskoðenda (ACE) er samband endurskoðendafélaga í Evrópu. Innan vébanda þess eru 50 aðildarfélög frá 35 löndum, þar af eru 28 þeirra í Evrópusambandinu. Undir merkjum ACE eru um 1.000.000 félagsmenn. Af þeim eru um 45% starfandi í faginu og veita víðtæka þjónustu til fyrirtækja og stofnana af ýmsum stærðum og gerðum. Hin 55% félagsmanna eru við ýmis störf í verslun, iðnaði, hjá hinu opinbera og í menntakerfinu.

Eins og áður kom fram, hafa félögin á Norðurlöndum, staðið sameiginlega að þátttöku í ACE, með því að standa saman að framboði í nefndir á vegum ACE. Þá hefur framkvæmdastjóri NRF á hverjum tíma haft það hlutverk að koma fram fyrir hönd allra félaganna gagnvart ACE.

Accountancy Europe er málsvari fjölda sameiginlegra hagsmunamála endurskoðenda innan Evrópu. Má þar til dæmis nefna sérfræðiálit og samræmingu ýmiss konar sem tengist reikningskilum, endurskoðun og skattamálum, en það hefur sýnt sig að talsverðan munur er að finna innan þessara málaflokka hjá Evrópuþjóðum. Innan ACE starfa eftirfarandi vinnuhópar eða nefndir:

- AML working party
- Auditing working party
- Company law and corporate governance working party
- Corporate reporting policy group
  - Accounting working party
  - Banks working party
  - Capital markets working party
  - Insurance working party
- Professional ethics and competences working party
- Public sector working party



- SMP forum
- Sustainability group
- Tax policy
  - Direct tax working party
  - Indirect tax working party

Núverandi forseti Accountancy Europe er Myles Thompson frá Bretlandi, en hann var kosinn sem forseti til næstu tveggja ára á aðalfundi samtakanna í desember 2020. Fulltrúi NRF í framkvæmdastjórn ACE er Nina Rafen frá Noregi. Heimasíðu ACE má finna á <http://www.accountancyeurope.be> og eru endurskoðendur hvattir til að kynna sér heimasíðuna.

### Alþjóðasamband endurskoðenda (IFAC)

IFAC – (The International Federation of Accountants) Alþjóðasamband endurskoðenda var formlega stofnað á ráðstefnu endurskoðenda í München árið 1977. Til IFAC teljast nú 175 félög frá 130 löndum með um 3 milljónir endurskoðenda og sérfræðinga á sviði endurskoðunar og reikningshalds innan sinna vébanda sem ýmist starfa sem endurskoðendur, í háskólaumhverfinu, hjá hinu opinbera eða á hinum frjálsa vinnumarkaði. Stjórn IFAC samanstendur af 21 fulltrúa frá 18 aðildarsamtökum. Margrét Pétursdóttir situr í stjórn IFAC sem fulltrúi NRF og er hún kjörin til þriggja ára eða til ársins 2022. Framkvæmdastjóri er Kevin Dancey frá Kanada.

Markmið IFAC er að viðhalda sífelldri þróun stéttarinnar og samræma staðla sem endurskoðendur starfa eftir. Með því má tryggja að störf endurskoðenda í þágu samfélagsins verði alltaf í hæsta gæðaflokki.

Til að ná fram markmiðum IFAC starfa ýmsar fastanefndir og vinnuhópar. Fastanefndirnar hafa hver um sig skilgreind hlutverk. Nefndirnar eru:

Compliance Advisory Panel	Professional Acc. Organization Development Committee	International Accounting Education Standard Board (IAESB)
International Auditing and Assurance Standard Board (IAASB)	International Ethics Standards Board for Accountants (IESBA)	International Public Sector Accounting Standards Board (IPSASB)
Transnational Auditors Committee	Professional Accountants in Business Committee	Small and Medium Practices Committee

Stjórn IFAC í samstarfi við fastanefndir og vinnuhópa gefur út staðla á eftirfarandi sviðum:

- International Standards on Auditing, Assurance Engagements and Related Services
- International Standards on Quality Control
- International Code of Ethics
- International Education Standards
- International Public Sector Accounting Standards

Núverandi forseti sambandsins er Alan Johnson frá Bretlandi. IFAC gefur út mikið af lesefni sem unnt er að nálgast á heimasíðu samtakanna <http://www.ifac.org>. Á heimasíðunni eru upplýsingar um aðildarfélög IFAC og fleira sem fróðlegt er að skoða.

### Alþjóða reikningsskilastofnunin (IASB)

Í skipulagsskrá IASB Foundation sem var síðast breytt á árinu 2005 kemur fram að nafn og tilgangur stofnunarinnar er eftirfarandi:



1. The name of the organisation shall be the International Accounting Standards Committee Foundation (abbreviated as "IASC Foundation"). The International Accounting Standards Board (abbreviated as "IASB") shall be the standard-setting body of the IASC Foundation.

2. The objectives of the IASC Foundation are:

(a) to develop, in the public interest, a single set of high quality, understandable and enforceable global accounting standards that require high quality, transparent and comparable information in financial statements and other financial reporting to help participants in the world's capital markets and other users make economic decisions;

(b) to promote the use and rigorous application of those standards; and

(c) in fulfilling the objectives associated with (a) and (b), to take account of, as appropriate, the special needs of small and medium-sized entities and emerging economies; and

(d) to bring about convergence of national accounting standards and International Accounting Standards and International Financial Reporting Standards to high quality solutions.

Í stuttu máli er IASC Foundation sett stjórn (Trustees) sem í sitja tuttugu og tveir einstaklingar frá hinum ýmsu sviðum atvinnulífsins og frá öllum heimsálfum. Stjórninni er ætlað að skipa fulltrúa alþjóðlegu reikningsskilanefndarinnar (IASB), ráðgjafanefndar (Standards Advisory Council) og nefndar sem ætlað er að túlka reikningsskilastaðlana (International Financial Reporting Interpretations Committee).

Í alþjóðlegu reikningsskilanefndina sjálfa (IASB) eru skipaðir fimmtán einstaklingar og hafa tólf þeirra nefndarstörfin að aðalstarfi en tveir sem hlutastarf. Formaður nefndarinnar er Andreas Barckow frá Þýskalandi.

Heimasíðu IASC Foundation og IASB má finna á <http://iasb.org.uk> og eru endurskoðendur hvattir til að kynna sér hana. Útgáfustarfsemi IASB er umtalsverð og er pósthfangið: [publications@iasb.org.uk](mailto:publications@iasb.org.uk)

## Endurskoðendaráð

Samkvæmt 34. grein laga 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun skal ráðherra skipa þrjá einstaklinga í Endurskoðendaráð og jafn marga til vara til fjögurra ára í senn og skulu þeir hafa þekkingu á sviðum sem tengjast endurskoðun. Endurskoðendaráð var því skipað í desember 2019 í samræmi við ný lög og er skipunin til fjögurra ára. Eftirfarandi aðilar eiga sæti í ráðinu:

### Aðalmenn

Áslaug Árnadóttir **formaður**  
Hildur Árnadóttir  
Jón Arnar Baldurs

### Varamenn

Anna Mjöll Karlsdóttir **varamaður formanns**  
Jóhann Gunnar Jóhannsson  
Birgir Grétar Haraldsson

Hlutverk endurskoðendaráðs er að hafa eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækja ræki störf sín í samræmi við ákvæði laga um endurskoðendur og endurskoðun nr. 94/2019, siðareglur endurskoðenda og aðrar reglur sem taka til starfa endurskoðenda, eins og fram kemur í 35 grein laganna.

Í eftirlitinu felst ábyrgð á:

1. löggildingu endurskoðenda og starfsleyfum endurskoðunarfyrtækja,
2. beitingu viðurlaga
3. eftirliti með gæðakerfi endurskoðunarfyrtækja og
4. gæðaeftirliti skv. VII. kafla laganna.











Í eftirlitinu felst einnig ábyrgð á eftirfylgni með:

1. því að kröfum um óhæði skv. V. kafla laganna sé fylgt,
2. innleiðingu góðrar endurskoðunarvenju og siðareglum endurskoðenda,
3. kröfum um endurmenntun skv. 9. gr. laganna og
4. starfsábyrgðartryggingu skv. 8. gr. laganna.

Sjá nánar á vefsíðu ráðsins [www.endurskodendarad.is](http://www.endurskodendarad.is)

## Félagar

Félagsmönnum í FLE hefur fjölgað um þrjá frá því í fyrra. Að öðru leyti er nánast enginn munur á félagsaðild frá síðasta ári. Félagaskrá er að finna á vef FLE, en eftirfarandi gröf og tafla gefur yfirlit um breytingar á félagsaðild.





<b>Félag löggiltra endurskoðenda ( FLE ) Skipting félagsmanna 31. ágúst 2022</b>			
<b>Félagsmenn FLE</b>	<b>2019-20</b>	<b>2020-21</b>	<b>2021-22</b>
<b>Félagsmenn í heild - endurskoðendur og nemar</b>	<b>409</b>	<b>420</b>	<b>423</b>
<b>Félagsmenn FLE - endurskoðendur</b>	<b>394</b>	<b>400</b>	<b>403</b>
Karlar	287	291	291
Konur	107	109	112
Hjá endurskoðunarfyrirtæki	232	233	231
Utan endurskoðunarfyrirtækis	162	167	172
Fjögur stærstu endurskoðunarfyrirtækin	148	151	155
Innlögð réttindi	85	90	96
Gjaldfrír	48	52	60
<b>Sundurliðun endurskoðenda eftir kyni</b>			
Karlar hjá endurskoðunarfyrirtæki	175	174	170
Karlar utan endurskoðunarfyrirtækis	112	117	121
Karlar hjá fjórum stærstu	100	101	102
Karlar með innlögð réttindi	68	74	81
Karlar gjaldfrír	44	49	57
Konur hjá endurskoðunarfyrirtæki	57	59	61
Konur utan endurskoðunarfyrirtækis	50	50	51
Konur hjá fjórum stærstu	48	50	53
Konur með innlögð réttindi	17	16	15
Konur gjaldfríar	4	3	3
<b>Breytingar á árinu - endurskoðendur</b>			
Hættir á árinu	10	1	3
Látnir á árinu	4	2	3
Nýir endurskoðendur	9	6	8
<b>Nemar með félagsaðild</b>	<b>15</b>	<b>20</b>	<b>20</b>
Karlar	8	10	11
Konur	7	10	9



## Löggildingarpróf

Endurskoðendaráð afhenti nýtskrifuðum endurskoðendum löggildingarskírteini sín þann 16. desember 2021. Það voru fimmtán sem þreyttu prófið í endurskoðun og reikningsskilum og af þeim voru ellefu sem stóðust prófið. Þá voru 25 sem þreyttu prófið í skattalögum, félagarétti, kostnaðarbókhalði og stjórnendareikningsskilum og tíu manns stóðust það.

Af þeim sem fóru í bæði prófin voru það átta sem stóðust, kynjahlutfall er jafnt og öll hafa þau gengið í félagið. Við óskum nýjum löggiltum endurskoðendum til hamingju með áfangann og bjóðum þau velkomin, en þau eru:

Brynja Dögg Guðjónsdóttir, hjá EY  
Erna Aðalheiður Karlsdóttir, hjá Deloitte  
Eyjólfur Bjarni Sigurjónsson, hjá Deloitte  
Fríða Rúnarsdóttir, hjá KPMG  
Garðar Þór Stefánsson, hjá Deloitte  
Haukur Páll Guðmundsson, hjá Deloitte  
María Kristín Rúnarsdóttir, hjá Afstemmu  
Sindri Freyr Gíslason, hjá Endurskoðun og ráðgjöf





## **Félag löggiltra endurskoðenda**

**Ársreikningur starfsárið**

**1. september 2021 - 31. ágúst 2022**





## Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Félag löggiltra endurskoðenda er félag þeirra sem hafa réttindi sem endurskoðendur samkvæmt íslenskum lögum eða hafa hlotið sambærileg réttindi og hafa fengið félagsaðild.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi nema gjöld umfram tekjur kr. 3.286.858 rekstrarárið 1. september 2021 til 31. ágúst 2022. Eigið fé félagsins þann 31. ágúst 2022 nam kr. 44.881.630, en nam kr. 48.168.488 í upphafi rekstrarársins. Gjöldum umfram tekjur rekstrarársins verður ráðstafað til næsta árs til að vinna að tilgangi þess líkt og kveðið er á um í samþykktum. Að öðru leyti vísast til ársreikningsins varðandi fjárhagsstöðu félagsins og rekstur þess á rekstrarárinu.

Félagsmenn voru 423 þann 31. ágúst 2022, þar af 20 nemar, sem er fjölgun um 3 félagsmenn frá fyrra ári.

Stjórn Félags löggiltra endurskoðenda og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir rekstrarárið 1. september 2021 til 31. ágúst 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík 27. október 2022

Stjórn:

Hólmgrímur Bjarnason

Hlynur Sigurðsson

Ingunn Hauksdóttir

Eymundur Einarsson

Sighvatur Halldórsson

Framkvæmdastjóri:

Sigurður B. Arnþórsson



# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og félagsmanna í Félagi löggiltra endurskoðanda

## Álit

Ég hef endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Félags löggiltra endurskoðanda fyrir starfsárið 1. september 2021 til 31. ágúst 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á starfsárinu, efnahag þess 31. ágúst 2022 og breytingu á handbæru fé, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð minni samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Ég er óháður félaginu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og hef uppfyllt ákvæði þeirra. Ég tel að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit mitt á.

## Aðrar upplýsingar

Álit mitt nær ekki yfir aðrar upplýsingar sem félagið gefur út aðrar en ársreikninginn sjálfan og áritun á hann. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir þar með talið öllum upplýsingum í ársskýrslu félagsins. Félagið mun afhenda mér ársskýrsluna eftir að ég árita ársreikninginn en vinna mín í tengslum við endurskoðunina mun felast í athugun á því hvort að til staðar sé ósamræmi á milli ársskýrslunnar og ársreikningsins. Sú athugun byggir meðal annars á þeirri þekkingu sem ég hef aflað í endurskoðuninni. Ef upp kemst um verulegar villur eða ósamræmi á milli ársskýrslu og ársreikningsins, mun ég koma því á framfæri til stjórnar félagsins og ég mun beita viðeigandi aðgerðum ef slíkar aðstæður koma upp og ég tel þær vera vísitandi.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í yfirlýsingu stjórnar og forstjóra sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar að lágmarki sem ber að veita í skýrslu stjórnar samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórnin skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.





## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið með endurskoðuninni er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit mitt.

Nægjanlega vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og er beitt faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Eftirfarandi atriði voru einnig hluti af endurskoðun okkar:

- Greini og met hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hanna og framkvæmi endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og afla endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit mitt á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Afla skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Met hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Álykta um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og met á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef ég tel að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber mér að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun minni. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf ég að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða mín byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar minnar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Met í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, met framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Mér ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðuninni, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á. Upplýsingar sem við höfum afhent stjórn og framkvæmdastjóra eftir endurskoðunina er í samræmi við áritun okkar.

Ég var kjörinn endurskoðandi félagsins í nóvember 2017 en þetta er fimmti ársreikningurinn sem ég hef endurskoðað.

Reykjavík 27. október 2022

Davíð Arnar Einarsson

Löggiltur endurskoðandi



## Rekstrarreikningur 1. september 2021- 31. ágúst 2022

	2021-2022	Áætlun 2021-2022	2020-2021
<b>Rekstrartekjur</b>			
Félagsgjöld .....	42.313.000	42.315.000	42.016.000
Tekjur af ráðstefnu- og námskeiðahaldi .....	23.609.000	25.414.000	35.020.000
Aðrar tekjur .....	338.230	200.000	352.487
	<u>66.260.230</u>	<u>67.929.000</u>	<u>77.388.487</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	43.187.484	44.800.000	43.780.274
Húsnæðiskostnaður .....	5.629.089	5.749.800	4.887.082
Ráðstefnu- og námskeiðahald .....	9.440.514	10.410.920	7.122.241
Upplýsingamiðlun og markaðsmál .....	4.166.925	3.666.000	5.390.448
Erlent samstarf .....	7.834.848	9.065.000	3.649.494
	<u>70.258.860</u>	<u>73.691.720</u>	<u>64.829.539</u>
<b>Rekstrarhagnaður (tap) .....</b>	<b>( 3.998.630)</b>	<b>( 5.762.720)</b>	<b>12.558.948</b>
Fjáreignatekjur .....	<u>711.772</u>	<u>250.000</u>	<u>152.213</u>
<b>Tekjur umfram (gjöld) á rekstrarárinu.....</b>	<b><u>( 3.286.858)</u></b>	<b><u>( 5.512.720)</u></b>	<b><u>12.711.161</u></b>



## Efnahagsreikningur 31. ágúst 2022

Eignir	Skýr	31.8.2022	31.8.2021
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	4	77.800	104.600
Fyrirframgreiddur kostnaður og aðrar kröfur .....		3.907.080	398.415
Handbært fé .....		47.937.404	51.783.776
<b>Eignir</b>		<b>51.922.284</b>	<b>52.286.791</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
Eigið fé .....	6	44.881.630	48.168.488
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Ýmsar skammtímaskuldir .....		7.040.654	4.118.303
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<b>51.922.284</b>	<b>52.286.791</b>



## Yfirlit um sjóðstreymi 1. september 2021- 31. ágúst 2022

	2021-2022	2020-2021
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>		
Tekjur umfram (gjöld) á rekstrarárinu .....	( 3.286.858)	12.711.161
Rekstartengdar eignir, (hækkun) lækkun .....	( 3.286.858)	12.711.161
Rekstartengdar skuldir, hækkun (lækkun) .....	( 3.481.865)	138.700
	2.922.351	390.185
Handbært fé frá rekstri	( 3.846.372)	13.240.046
<b>Breyting á handbæru fé .....</b>	( 3.846.372)	13.240.046
<b>Handbært fé í byrjun rekstrarársins .....</b>	51.783.776	38.543.730
<b>Handbært fé í lok rekstrarársins .....</b>	47.937.404	51.783.776



## Skýringar

### 1. Starfsemi

Félag löggiltra endurskoðenda er félag þeirra sem hafa réttindi sem endurskoðendur samkvæmt íslenskum lögum. Félagið er fjármagnað með félagsgjöldum auk þess að standa fyrir ráðstefnu- og námskeiðshaldi.

### 2. Reikningsskilaaðferðir

#### **Grundvöllur reikningsskila**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Reikningsár félagsins er frá 1. september til 31. ágúst ár hvert.

#### **Fjármagnsliðir**

Fjármagnsliðir eru færðir í rekstrarreikning á því tímabili sem þeir falla til.

#### **Erlendir gjaldmiðlar**

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi viðskiptadags. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi þann 31. ágúst 2022. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum á árinu eru umreiknuð í íslenskar krónur á viðskiptadegi. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

#### **Skráning tekna**

Tekjur af námskeiðshaldi og félagsgjöld eru færð þegar til þeirra hefur verið unnið. Tekjur vegna þjónustu eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Tekjur eru sýndar í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttar.

#### **Lotun gjalda**

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

#### **Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

#### **Viðskiptaskuldir**

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

#### **Handbært fé**

Sjóður og bankainnistæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.



## Skýringar

### 3. Starfsmannamál

Hjá félaginu starfa tveir starfsmenn í fullu starfi. Heildarlaun ásamt bifreiðastyrk námu kr. 32.891.243. Launatengd gjöld ásamt breytingu á áföllnu orlofi námu kr. 5.018.522.

### 4. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnvirði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreykingur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

### 5. Húsaleiga

Félagið hefur gert leigusamning til 3 ára, en samningurinn tók gildi 1. desember 2020 og lýkur 30. nóvember 2023 án sérstakrar uppsagnar.

### 6. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

Staða 1.9.2021 .....	48.168.488
Gjöld umfram tekjur .....	( 3.286.858)
Staða 31.8.2022 .....	<u>44.881.630</u>



## Sundurliðanir

	2021-2022	2020-2021
<b>Félagsgjöld:</b>		
Fullt gjald .....	39.193.000	39.130.000
Hálft gjald .....	2.080.000	1.950.000
Inntökugjald .....	520.000	390.000
Nemagjald .....	520.000	546.000
	<u>42.313.000</u>	<u>42.016.000</u>
<b>Tekjur af ráðstefnu- og námskeiðahaldi:</b>		
Ráðstefnur .....	13.287.000	23.849.000
Námskeið og morgunkorn .....	10.322.000	11.171.000
	<u>23.609.000</u>	<u>35.020.000</u>
<b>Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður:</b>		
Laun og launatengd gjöld .....	37.909.765	40.073.504
Annar starfsmannakostnaður .....	649.900	350.200
Ritföng, pappír og prentun .....	6.502	110.675
Burðargjöld .....	9.993	22.096
Símakostnaður .....	285.447	413.181
Tryggingar .....	603.179	649.727
Smááhöld og viðhald .....	1.484.482	218.732
Kostnaður vegna stjórnar og nefnda .....	984.511	306.835
Bankakostnaður .....	185.601	218.825
Hreinlætisvörur og kaffi .....	606.480	561.743
Tímarit og áskriftir .....	80.434	133.686
Lækkun niðurfærslu viðskiptakrafna .....	( 130.200)	130.200
Endurskoðun .....	498.250	496.250
Annar kostnaður .....	13.140	94.620
	<u>43.187.484</u>	<u>43.780.274</u>



## Sundurliðanir, frh.:

	2021-2022	2020-2021
<b>Húsnæðiskostnaður:</b>		
Húsaleiga .....	5.271.984	4.355.549
Annar húsnæðiskostnaður .....	357.105	531.533
	<u>5.629.089</u>	<u>4.887.082</u>
<b>Ráðstefnu- og námskeiðahald:</b>		
Ráðstefnur .....	3.996.964	4.037.540
Námskeið og morgunkorn .....	5.443.550	3.084.701
	<u>9.440.514</u>	<u>7.122.241</u>
<b>Upplýsingamiðlun og markaðsmál:</b>		
Rekstur upplýsingakerfis og hugbúnaðarþjónusta .....	1.720.618	4.459.356
FLE - fréttir .....	684.804	805.592
Önnur aðkeypt þjónusta .....	1.761.503	125.500
	<u>4.166.925</u>	<u>5.390.448</u>
<b>Erlent samstarf:</b>		
Árgjald AE .....	2.965.468	3.068.210
Árgjald IFAC .....	1.541.238	1.592.028
Ferðakostnaður vegna funda erlendis .....	227.870	0
NRF .....	3.100.272	( 1.010.744)
	<u>7.834.848</u>	<u>3.649.494</u>





# Námsstyrkja- og rannsóknarsjóður Félags löggiltra endurskoðenda

Ársreikningur starfsárið  
1. september 2021 - 31. ágúst 2022





## Áritun stjórnar

Námsstyrkja- og rannsóknarsjóður Félags löggiltra endurskoðenda var stofnaður á félagsfundi þann 4. júní 2003. Markmið sjóðsins er að styrkja bóklega menntun endurskoðenda á Íslandi með því að veita ýmist styrki til einstaklinga sem stunda framhaldsnám í endurskoðun og reikningsskilum eða með því að styrkja stofnanir sem standa fyrir slíku námi.

Einnig er markmið sjóðsins að veita styrki til eflingar rannsókna á sviði reikningshalds og endurskoðunar í þeim tilgangi að efla faglega umræðu um endurskoðun og reikningshald, viðhalda og auka faglega þekkingu endurskoðenda eða styrkja rannsóknir sem snerta beint hagsmuni FLE eða lögbundið hlutverk þess. Stjórn sjóðsins er heimilt að úthluta bæði höfuðstól sjóðsins og ávöxtun hans.

Á starfsárinu voru engar nýjar umsóknir um styrki afgreiddar. Á starfsárinu voru greiddir styrkir kr. 858.000. Eftirstöðvar samþykktar styrkja eru kr. 1.000.000 sem verða greiddir á næsta ári eftir framvindu rannsókna styrkþega.

Stjórn Námsstyrkja- og rannsóknarsjóðs Félags löggiltra endurskoðenda staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir starfsárið 1. september 2021 til 31. ágúst 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. október 2022.

Stjórn:

Hólmgrímur Bjarnason

Arna G. Tryggvadóttir

Jón Sturla Jónsson



## Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Námsstyrkja- og rannsóknarsjóðs og félagsmanna í Félagi löggiltra endurskoðanda

### Álit

Ég hef endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Námsstyrkja- og rannsóknarsjóðs Félags löggiltra endurskoðanda fyrir starfsárið 1. september 2021 til 31. ágúst 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á starfsárinu, efnahag hans 31. ágúst 2022 og breytingu á handbæru fé, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð minni samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Ég er óháður sjóðnum í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og hef uppfyllt ákvæði þeirra. Ég tel að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit mitt á.

### Aðrar upplýsingar

Álit mitt nær ekki yfir aðrar upplýsingar sem félagið gefur út aðrar en ársreikninginn sjálfan og áritun á hann. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir þar með talið öllum upplýsingum í ársskýrslu félagsins. Félagið mun afhenda mér ársskýrsluna eftir að ég árita ársreikninginn en vinna mín í tengslum við endurskoðunina mun felast í athugun á því hvort að til staðar sé ósamræmi á milli ársskýrslunnar og ársreikningsins. Sú athugun byggir meðal annars á þeirri þekkingu sem ég hef aflað í endurskoðuninni. Ef upp kemst um verulegar villur eða ósamræmi á milli ársskýrslu og ársreikningsins, mun ég koma því á framfæri til stjórnar félagsins og ég mun beita viðeigandi aðgerðum ef slíkar aðstæður koma upp og ég tel þær vera vísitandi.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í yfirlýsingu stjórnar og forstjóra sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar að lágmarki sem ber að veita í skýrslu stjórnar samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það. Stjórnin skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið með endurskoðuninni er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit mitt.

Nægjanlega vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega



## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og er beitt faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Einnig framkvæmi ég eftirfarandi:

- Greini og met hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hanna og framkvæmi endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og afla endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit mitt á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Afla skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Met hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Álykta um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og met á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef ég tel að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber mér að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun minni. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf ég að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða mín byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar minnar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Met í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, met framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Mér ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðuninni, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á. Upplýsingar sem við höfum afhent stjórn og framkvæmdastjóra eftir endurskoðunina er í samræmi við áritun okkar.

Ég var kjörinn endurskoðandi félagsins í nóvember 2017 en þetta er fimmti ársreikningurinn sem ég hef endurskoðað.

Reykjavík, 27. október 2022.

Davíð Arnar Einarsson  
Löggiltur endurskoðandi



## Rekstrarreikningur 1. september 2021- 31. ágúst 2022

	Skýr.	2021-2022	2020-2021
<b>Fjáreignatekjur og (gjöld):</b>			
Matsbreytingar verðbréfaeignar .....	1	<u>151.085</u>	<u>( 524.300)</u>
		<u>151.085</u>	<u>( 524.300)</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Auglýsingar .....		138.203	0
Greiddir styrkir .....		<u>858.000</u>	<u>1.250.000</u>
		<u>996.203</u>	<u>1.250.000</u>
<b>Úthlutað umfram ávöxtun á rekstrarárinu.....</b>		<u><u>( 845.118)</u></u>	<u><u>( 1.774.300)</u></u>



## Efnahagsreikningur 31. ágúst 2022

	Skýr.	31.8.2022	31.8.2021
<b>Eignir</b>			
<b>Veltufjármunir</b>			
Aðrar kröfur .....		138.203	0
Fjármunir í eignastýringu .....	2	<u>11.188.322</u>	<u>12.171.643</u>
		11.326.525	12.171.643
	<b>Eignir samtals</b>	<u><u>11.326.525</u></u>	<u><u>12.171.643</u></u>
<b>Eigið fé</b>			
Stofnframlag FLE .....		20.000.000	20.000.000
Úthlutað umfram ávöxtun .....		( 8.673.475)	( 7.828.357)
	3	<u>11.326.525</u>	<u>12.171.643</u>
	<b>Eigið fé samtals</b>	<u><u>11.326.525</u></u>	<u><u>12.171.643</u></u>



# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

### *Grundvöllur reikningsskilanna*

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum, og eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### *Verðbréf*

Verðbréf eru skráð á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Þau eru færð á markaðsverði og færast matsbreytingarnar í rekstrarreikning á því tímabili sem þær falla til. Fjármagnstekjuskattur kr. 96.007 og eignastýringarþóknun kr. 50.700 er fært með matsbreytingum tímabilsins.

## 2. Eignastýring

Fjármunaeign í umsýslu Arion banka hf samanstendur af ríkisverðbréfum og íbúðarbréfum. Arion banki hf hefur séð um ávöxtun og vörslu verðbréfaeignar á tímabilinu.

Yfirlit um verðbréfaeign:

Innlend skuldabréf, ríkisverðbréf .....	11.188.322	100,00%
	<u>11.188.322</u>	<u>100,00%</u>

## 3. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnframlag	Úthlutað umfr. ávöxtun	Samtals
Staða 1.9.2021 .....	20.000.000	( 7.828.357)	12.171.643
Gjöld umfram tekjur á rekstrarárinu .....		( 845.118)	( 845.118)
Staða 31.8.2022 .....	<u>20.000.000</u>	<u>( 8.673.475)</u>	<u>11.326.525</u>











Félag löggiltra endurskoðenda

